



Met verðhækkunir á íslenskum botnfiski í erlendri mynt

Útflutningsverð á íslenskum botnfiski í erlendri mynt hefur hækkað hratt frá því um mitt síðasta ár. Á fyrsta ársfjórðungi hafði verð á íslenskum botnfiski hækkað um 20% milli ára en ekki eru til dæmi í gögnum Hagstofunnar um jafn mikla hækkun á svo stuttum tíma. Næstmesta hækkunin var á fjórða ársfjórðungi 2014 en þá nam hækkunin 13,4% milli ára. Verð á matvöru hefur hækkað hratt í helstu viðskiptalöndunum og skýrir það miklar verðhækkunir á íslenskum botnfiski.

Þessi mikla verðhækkun á botnfiski hefur þýtt mikla hækkun á verði sjávarafurða í erlendri mynt en botnfiskurinn hefur hátt vægi í hlutfalli við uppsjávarfisk í útflutningi landsins á sjávarafurðum. Nú á fyrsta fjórðungi hafði verð sjávarafurða alls hækkað um 17,5% miðað við sama tímabil í fyrra og skýrist hækkunin öll af hækkun á botnfiski. Verð á uppsjávarfiski lækkaði um 9,1%.


Mikil hækkun á hrávöruverði og flutningskostnaði hækkar matvælaverð

Verð á matfiski hefur hækkað töluvert að undanförunu líkt og á flestum öðrum matvörum. Þessa verðhækkun má rekja til mikillar hækkunar á hrávörum og matvælaverði, hækkandi flutningskostnaðar og minna framboðs af fiski frá Rússlandi vegna viðskiptaþvingana. Hækkunir á ólíkri matvöru haldast einnig að ákveðnu leyti í hendur yfir tíma þar sem ein matvara kemur að einhverju leyti í staðinn fyrir aðra matvöru í gegnum svokölluð staðkvæmdaráhrif.¹


Miklar hækkunir á matvælaverði á síðustu mánuðum

Matvælaverð hefur hækkað verulega á síðustu mánuðum í helstu viðskiptalöndum Íslands. Í Bandaríkjunum og evruríkjum hefur verð á mat og drykk hækkað yfir 1% milli mánaða á fyrstu fjórum

Verð íslenskra sjávarafurða



12 mánaða verðbólga á matvöru



¹ Staðkvæmdaráhrif virka þannig að ef verð á matvöru A hækkar en verð á matvöru B stendur í stað geta neytendur að einhverju leyti dregið úr kaupum á A og aukið kaup á B. Það eykur síðan eftirspurn eftir B sem hefur þau áhrif að hækka verð á B. Á sama tíma dregur úr eftirspurn eftir A sem hefur lækkunaráhrif á verð á A. Þetta hefur þau áhrif að draga úr því að verð á einni vöru hækki til langs tíma umfram verð á annarri staðkvæmdarvöru.



mánuðum ársins. Hækkunin var 10,8% í Bandaríkjunum nú í apríl á 12 mánaða grundvelli og 7,4% í evruríkjum. Bretland er stór markaður fyrir íslenskar sjávarafurðir en þar hefur verð á mat og drykk hækkað um 6,7% á síðustu 12 mánuðum.


Ferskur þorskur hækkað mun meira en frystur eða saltaður

Frá því faraldurinn hófst hefur verið æði misjöfn verðþróun á útfluttum þorskafurðum eftir verkun þeirra. Nú á fyrsta fjórðungi var verð á ferskum þorski 18,1% hærra í erlendri mynt en það var á fyrsta fjórðungi 2020. Landfrystar þorskafurðir höfðu hins vegar hækkað mun minna, eða um 3,8% á tímabilinu, en verð á söltuðum var 4,7% lægra. Á síðustu 12 mánuðum hefur þróunin verið með þeim hætti að ferskar afurðir hafa hækkað um tæp 18%, landfrystar afurðir hafa lækkað um 4,3% en verð á söltuðum hefur hækkað um 8,1%. Þessi þróun, að verð á ferskum fiski hækki mun meira en á frystum eða söltuðum, nær ansi langt aftur. Þannig hefur verð á ferskum afurðum hækkað um 44% á síðustu 12 árum en einungis um 5,7% á landfrystum afurðum og lækkað um 28% á söltuðum.


Tæplega 12% hækkun á ferskum fiski á helstu mörkuðum

Frakkland er langstærsti markaðurinn fyrir íslenskan ferskan botnfisk en rúmlega þriðjungur af útfluttum ferskum botnfiskafurðum hefur farið til Frakklands á síðustu árum. Á fyrsta ársfjórðungi hafði verð á ferskum hækkað um 11,9% í Frakklandi á 12 mánaða grundvelli sé miðað við neysluverðsvísitöluna í Frakklandi. Næststærsti markaðurinn eru Bandaríkin en um 19% af ferskum íslenskum fiski hefur endað þar á síðustu árum. Verðhækkun á ferskum sjávarafurðum samkvæmt bandarísku neysluverðsvísitölunni var sú sama á fyrsta fjórðungi og í Frakklandi, eða 11,9%. Þriðji stærsti markaðurinn er Bretland en þar hefur verð á hvers kyns sjávarafurðum hækkað um 3,6% á fyrsta fjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Verðhækkun milli sömu tímabila í evruríkjum var 8,1%.

Ljóst er að þessar verðhækkningar á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt koma sem búbot fyrir sjávarútveginn og hagkerfið í heild. Verði áframhald




Útflutningur á íslenskum ferskum botnfiski eftir löndum



Heildarútflutningur á árunum 2018-2020.
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond

12 mánaða verðbreyting á ferskum fiski



Tekið út úr neysluverðsvísitölu hvers svæðis.
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond



á hækkun á matvöruverði erlendis mun það styðja við frekari hækkanir á verði íslensks botnfisks.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.